



Alþingi
Erindi nr. P 143/788
komudagur 7.1.2014

Reykjavík 7. janúar 2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi – 150 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum á 143. löggjafarþingi 2013/2014, þingskjal nr. 243 – 195. mál

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) þakkar fyrir það tækifæri að koma með umsögn við þingsályktun þessa.

Stjórn KKÍ fagnar þessari tillögu og allri umræðu/hugmyndum sem er ætlað að bæta stefnu og utanumhald afreksíþróttanna á Íslandi. KKÍ þakkar þeim þingmönnum sem flytja tillöguna áhugann á málinu og vonast til að þingmenn allra flokka geti sameinast um að tryggja fjárhagslegan stuðning við afreks- og landsliðsfólk okkar í íþróttum.

KKÍ, er eitt af stærri sérsamböndum innan ÍSÍ. Körfuknattleikur er ein stærsta og vinsælasta íþróttgrein í heimi. Innan raða körfuknattleikshreyfingarinnar er mikill metnaður og vilji til að halda úti öflugum afreksstarfi. Til þess að geta staðið fyrir öflugum afreksstarfi og ná árangri þarf þolinmæði, vel skipulagt starf fram í tímann, öflugann mannauð og umfram allt er það myndarlegur fjárstuðningur sem þarf til að ná árangri. Því miður er næstum ógerlegt að ná árangri án þess að hafa fjármagn.

Uppbygging afreksstarfsins

Uppbyggingarferli afreksfólks er hið minnsta 5-7 ár og þá þarf að æfa meira, sækja fleiri æfingarmót og eða leiki. Þetta er mjög kostnaðarsamt og tímafrekt ferli og er mikil skuldbinding íþróttafólksins. Að hefja vegferð sem mun kannski skila þér ásættanlegum árangri eftir hálfan til heilan áratug er mjög krefjandi.

Íþróttafólkið er til í þessa vegferð en vegna fjárskorts þá hellast margir úr lestinni og ljóst er að við erum ekki að fá okkar besta út úr okkar fólk vegna þess að ytri skilyrði eru ekki að hjálpa. Fjármagnið sem þarf til að sækja fleiri æfingar og fleiri æfingarleiki og eða mót er ekki til staðar nema hjá íþróttafólkinu sjálfu og eða fjölskyldum þeirra.

Þegar ferlið er hafið að verða afreksíþróttamaður eykst kostnaðurinn gríðarlega hratt, þá þarf einnig að æfa betur og meira. Þetta þýðir að íþróttafólkið þarf að fjölga sérhæfðum æfingum eins og styrktaræfingum og sjúkráþjálfun. Afreksíþróttafólkið verður að helga sig sinni íþrótt ef að árangur eigi að nást í framtíðinni.





Þetta er mikilvægasti tíminn í uppbyggingu afreksstarfs og ljóst að ef hér er vel haldið utan um hlutina er hægt að uppskera ríkulega á efsta stiginu. Staðreyndin í dag er sú að þessi mikilvægasti þáttur í afreksstarfinu er fjársveltur og ef ekkert breytist verða afreksíþróttir eingöngu á hendi þeirra sem eiga fjársterkar fjölskyldur að. Þá þarf mjög líklega að velja í landslið eftir efnahag fjölskyldna og það er eitthvað sem má aldrei gerast.

Skólakerfið þarf að vinna betur með afreksíþróttunum

Afreksíþróttafólkið hefur því miður of oft mætt litlum skilningi innan skólakerfisins til þess að sækja sér eðlilega menntun með íþróttaiðkun sinni. Sumir skólustjórnendur vinna vel með sínu íþróttafólki en því miður eru þeir of fáir. Það er eingöngu bundið við persónur þeirra sem fara fyrir hverjum og einum skóla hvort íþróttamanninum sé sýndur skilningur/velvilji, sem því miður er oft ekki til staðar.

Þarna þarf skólakerfið í heild sinni á öllum stigum að koma betur að málum og samræma skólakerfið og umhverfi afreksíþróttafólks.

Aðstaða fyrir sérsambönd/landslið

Aðstaða fyrir sérsamböndin til æfinga og keppni þarf að stórbæta. Það má segja að aðstaðan sé að mestu leyti til og ekki þarf að fara í miklar framkvæmdir til að bæta aðstöðuna. Vandamálið eins og fyrir körfubolta og aðrar inniboltagreinar er að fá tíma fyrir landsliðsæfingar í íþróttahúsum. Umfang landsliðsæfinga hjá sérsamböndunum er mjög mikið á hverju ári.

Fjöldi klukkustunda sem KKÍ notar á ári er um 600 enn þarf fleiri klukkustundir ef vel á að vera. Með góðum skilningi aðildarféлага og sveitarféлага/forstöðumanna íþróttahúsa um allt land þá hefur tekist að fá æfingar. Því miður þá þurfa félögin að fella of marga æfingar niður hjá sér vegna þessara landsliðsæfinga sem er alls ekki æskilegt og kemur niður á starfi viðkomandi félags.

Laugardalshöllin eða annað íþróttahús sem uppfyllir kröfur fyrir inniboltagreinar þarf að vera skilgreint sem þjóðarleikvangur þannig að KKÍ, HSÍ, BLÍ og önnur sérsambönd hafi þá aðstöðu sem þarf bæði fyrir æfingar og alþjóðlega keppni.

Jafnrétti höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar

Einstaklingur sem býr á landsbyggðinni á að sjálfsögðu að sitja við sama borð og einstaklingur sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Stór þáttur afreksíþróttar t.d. æfingar og keppni landsliða fer fram á höfuðborgarsvæðinu. Sá einstaklingur sem býr á landsbyggðinni og valinn er í landsliðshóp þarf ávallt að leggja á sig meiri tíma, vinnu og því miður of mikinn aukakostnað til þess að geta getið þátt og mætt á landsliðsæfingar.





Lýðréttindi

Afreksíþróttafólk þarf að eiga rétt til almennra lýðréttinda eins og lífeyrisréttinda, sjúkra- og heilsutrygginga, fæðingarorlofs og fleira. Þetta þarf að skoða vel.

Að lokum

Að ná árangri á afreksstigi er tímafrekt og kostnaðarsamt. Þegar afreksíþróttamenn stíga á stóra sviðið þá er það ekki tímapunkturinn sem vegferðin hefst heldur er það lokahnykkurinn í löngu ferli.

Afreksíþróttir eru góð landkynning, afreks- og landsliðsfólkið okkar er í hinum ýmsu miðlum út um allan heim næstum daglega þar sem minnst er á Ísland. Afreksíþróttir er góð tekjulind fyrir þjóðabúið, afreks- og landsliðsstarf skapar tekjur og laðar að ferðamenn til landsins.

Íþróttir eru forvarnir fyrir unga fólkið og unga fólkið þarf að eiga fyrirmyndir. Afreks- og landsliðsfólkið okkar eru frábærar fyrirmyndir.

Það eru forvarnir til framtíðar að styðja við afreksstarf íþróttahreyfingarinnar og að setja fram heildstæða stefnu til framtíðar núna strax árið 2014 er gott skref í rétta átt í að stórbæta stöðu afreksíþróttanna á Íslandi. Töluverð aukning á fjármagni til afreksíþróttanna verður að fylgja málinu strax, það fjármagn skilar sér hratt til baka.

Mikilvægt er að heildstæð stefna í afreksíþróttum sé unnin í góðri og náinni samvinnu ráðherra íþróttamála, ÍSÍ og sérsambanda.

Stjórn KKÍ er reiðubúin til að koma að áframhaldandi vinnu við heildstæða stefnu afreksíþróttanna og vonast eftir að þetta mál verði unnið sem hraðast því málefnið er brýnt.

Fyrir hönd Körfuknattleikssambands Íslands

Hannes S. Jónsson, formaður
s.698-7574 hannes.jonsson@kki.is

